

**Nr. 020 / 14 Eyjólfur Ólafsson HU 100****Olúlaus og skipverji fyrir borð**

Skipaskr.nr. 2175  
Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast  
Stærð: 7 brl. 7,7 bt.  
Mesta lengd: 9,0 m Skráð lengd: 8,98 m  
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,4 m  
Vél: Cummins 187 kW, 1997  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS



Eyjólfur Ólafsson©Jón Sigurðsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 15. mars 2014 var Eyjólfur Ólafsson HU 100 á útleið frá Keflavík. Veður: A 3-5 m/s.

Þegar báturinn var staddur austur af Hólmsbergsvita stöðvaðist vélin og í ljós kom að ekki var olía á birgðatanki. Skipstjórinn ætlaði að dæla olíu á tankinn frá tank fyrir eldavélina en áfyllingastúturinn var í borðstokknum við hlið stýrishússins. Þegar hann var að opna tankinn féll hann fyrir borð.

Hinn skipverjinn brást við og dró skipstjórann um borð. Tókst þeim síðan að koma slöngu í tankinn og dæla olíu að vélinni og sigla aftur til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ekki var olúmælir um borð og sá háttur verið hafður á að áætla notkun frá síðustu olíutöku en í þessu tilfelli hafði skipstjórinn misreiknað sig. Fram kom að áætlað væri að lagfæra þetta og setja mæli eða mæliglas;
- að vegna reks í átt að Hólmsbergi kvaðst skipstjóri hafa verið að flýta sér um of þegar hann féll í sjóinn.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að illa hefði geta farið ef ekki hefðu verið tveir menn um borð. Þá bendir nefndin á mikilvægi þess að ekki sé farið í ferð nema gengið sé úr skugga um að nægjanlegt eldsneyti sé um borð fyrir ferðina.